

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 18. janúar 2018 - R18010087

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð 452. fundar stjórnar SSH	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010032	Fundargerð 164. fundar stjórnar Faxaflóahafna.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17080142	Tillaga mannréttindaráðs, dags. 26.9.'17, um að undirbúningur fjölmenningsdags verði færður til höfuðborgarstofu.	Endursent til meðferðar mannréttindaráðs.
R18010181	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður um starfrækslu hverfislögreglustöðvar í Breiðholti, dags. 11.1.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra til umsagnar.
R18010180	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að sjálfstætt reknir skólar njóti sömu vetrarþjónustu og borgarreknir, dags. 11.1.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18010157	Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um söluverð lóða á Gufunesi, dags. 9.1.'18	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R18010202	Styrkumsókn Skáksambands Íslands vegna Reykjavíkurskákómótsins 2018, dags. 23.10.'17	Sent íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar.
R18010091	Afbrotatölfræði desember 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16020142	Erindi forsætisráðuneytisins um upplýsingar um tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna fyrir árið 2017, dags. 15.1.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði og fjármálaskrifstofu til meðferðar.



STJÓRN SSH 452. fundur

Mánudaginn 8. janúar 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

a) Ferðavenjukönnun 2017 /málsnr. 1601001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Matthías Þorvaldsson frá Gallup, Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Þorsteinn Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar og Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Matthías Þorvaldsson gerði grein fyrir helstu niðurstöðum nýrrar ferðavenjukönnunar meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins, en slík könnun hefur verið unnin á 3 ára fresti. Könnunin var unnin að beiðni og kostuð af Vegagerðarinni og SSH, og verður m.a. notuð við framvindu- og árangursmat vegna samnings SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður

Niðurstaða:

Niðurstöður könnunarinnar, ásamt samantekt um helstu atriði og ályktanir sem draga má af henni verða send aðildarsveitarfélögunum til upplýsinga og kynningar.

b) Borgarlína /málsnr. 1702003

Lagt fram erindi Þórarins Hjaltasonar og Trausta Valssonar dags. 3. desember 2017 sem þeir sendu borgarstjóra og bæjarstjórum aðildastveitarfélaganna með ábendingum, athugasemdum og viðhorfum varðandi fyriráætlanir sveitarfélaganna um Borgarlínuna.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsstjóra falið að taka saman greinargerð fyrir stjórn um þau efnisatriði sem fjallað er um í erindinu.



2. Uppgjör sveitarfélaganna við Lífeyrissjóðinn Brú vegna skuldbindinga A hluta lífeyrissjóða starfsmanna sveitarfélaga /málsnr. 1801001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Rætt var um framkomna reikninga lífeyrissjóðsins vegna uppgjors á framlagi sveitarfélaganna og byggðasamlaganna í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóðs vegna A hlutans. Birgir Björn Sigurjónsson gerði grein fyrir vinnu og aðferðarfræði fjármáladeildar Reykjavíkurborgar við afstemmingu og mat á réttmæti krafna sjóðsins á Reykjavíkurborg vegna uppgjorsins.

Niðurstaða:

SSH mun ekki koma með neinum beinum hætti að máli, en BBS sendir sveitarfélögunum til hægðarauka verklagslýsingu vegna vinnu borgarinnar sbr. framangreint.

3. Málefni SORPU bs. /málsnr. 1711001

- a) Staða í viðræðum, fulltrúi eigenda SORPU bs. og fulltrúa SOS, vegna mögulegrar staðsetningar á sameiginlegum urðunarstað og samstarfs við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Farið yfir stöðu máls.

- b) Erindi stjórnar SORPU bs. frá 23. nóvember sl. til stjórnar SSH, eigendavettvangs SORPU bs. vegna viðræðna við Kölkú (Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.), um mögulega sameiningu við SORPU bs.

Umræður

Niðurstaða:

Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Önnur mál

Ný persónuverndarlög og undirbúningur sveitarfélaganna vegna nauðsynlegra breytinga í kjölfar þeirra /málsnr. 1801002

Haraldur Sverrisson vakti máls á þörf á samstillingu sveitarfélaganna í þessari undirbúningsvinnu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra, í samráði og samvinnu við borgarritara, að leggja drög að sameiginlegum fundi þeirra starfsmanna sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á undirbúningi hjá hverju sveitarfélagi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10

Fundur nr. 164

Ár 2018, föstudaginn 12. janúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórlaug Ágústs dóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Líf Magneudóttir
Magnús Smári Snorrason
Marta Guðjónsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Þorsteinn F. Friðbjörnsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Lífeyrisaukamál.

- a. Drög að samkomulagi við Lífeyrissjóðinn Brú ásamt fylgigögnum.
- b. Drög að samkomulagi við stéttarfélög um lífeyrisauka.

Gerð var grein fyrir stöðu mála. Hafnarstjórn heimilar hafnarstjóra undirritun samkomulags við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga vegna greiðslu framlags í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Alls nema greiðslur Faxaflóahafna sf. kr. 322.274.636.

Með vísan til samkomulags ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 21.9.2017, þá samþykkir hafnarstjórn að heimila hafnarstjóra að ganga frá samkomulagi við stéttarfélög um samkomulag vegna starfsmanna sem samkomulag við Brú lífeyrissjóð tekur ekki til.

2. Tímasetning stjórnarfunda janúar - júní.

Lagt fram.

3. Skipulagsmál:

- a. Erindi F43 ehf. dags. 8.1.2018 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fiskislóð 43 vegna hækkunar á nýtingarhlutfalli og færslu byggingarreits.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við breytinguna og heimilar umsækjanda að setja málið í formlegan feril hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar.

- b. Umsögn skipulagsfulltrúa um erindi vegna Fiskislóðar 33-37, dags. 10.11.2017

Lögð fram.

- c. Umsögn skipulagsfulltrúa um erindi vegna svonefnds Línbergsreits dags. 9.10.2017

Lögð fram.

- d. Erindi Björgunarsveitarinnar Ársæls dags. 2.1.2018 um uppsetningu ljósaskiltis á gafl hússins Grandagarður 1.

Hafnarstjórn getur ekki orðið við erindinu enda samræmist erindið hvorki skiltareglugerð Reykjavíkurborgar né stefnu Faxaflóahafna sf.

- e. Kynningargögn um hugmyndir frá Batteríinu - arkitektar á viðbyggingu við Geirsgötu 9.

Lögð fram. ÞÁ vék af fundi vegna þessa dagskrárliðar.

- f. Kynningargögn frá Landberg ehf. um lóðamál Köllunarklettsvegur 2.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að taka saman upplýsingar um kostnað við nauðsynlegar framkvæmdir við undirbúning lóðar og frágang.

4. Sviðsmyndir vegna Grundartanga, unnar af KPMG fyrir Þróunarfélag Grundartanga ehf. ásamt kynningu á verkefnum félagsins.

Lagðar fram.

5. Stefna Hagtaks hf. vegna kröfu um greiðslu meintrar skuldar og bóta vegna verksamnings.

Gerð var grein fyrir þeim kröfum sem uppi eru. Lagt fram.

6. Lóðamál:

- a. Erindi Allrahanda GL dags. 20.12.2017 þar sem sótt er um úthlutun lóðar að Skarfagörðum 6.

Með úthlutun lóðarinnar nr. 4 við Klettagarða féll umsækjandi frá umsókn um lóð við Skarfagarða 6. Sú lóð þjónar umferð vegna starfsemi við Skarfabakka og því er ekki unnt að verða við umsókn um nýja lóð þar.

- b. Umsókn Melónu ehf. um skilyrta úthlutun lóðanna Tangavegur 9 og Tangavegur 11 á Grundartanga til byggingar og reksturs gagnavers.

Hafnarstjóra heimilað að gefa tímabundið vilyrði fyrir skilyrtri úthlutun lóðanna.

7. Endurskoðuð starfsmannastefna fyrir Faxaflóahafnir sf.

Hafnarstjórn samþykkir fyrirliggjandi starfsmannastefnu.

8. Forkaupsréttarmál:

- a. Erindi dags. 2.1.2018, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti vegna sölu Sægarða 15, fastanr. 235-7239. Kaupandi Klettaskjól ehf. kt. 520406-0180. Seljandi Stólpi Gámar ehf. kt. 710798-2229.

- b. Erindi dags. 15.12.2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti vegna sölu Grandagarðs 13, fastanr. 200-0176. Kaupandi Iceland Medical ehf. kt. 510609-1150. Seljandi Klif ehf. kt. 550366-0109.

c. Erindi dags. 15.12.2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti vegna sölu Grandagarðs 5, fastanr. 200-0171. Kaupandi 061319 ehf. kt. 620114-0220. Seljandi Kría hjól ehf. kt. 650309-0140.

d. Erindi dags. 8.1.2018, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti vegna sölu Fiskislóð 23-25, fastanr. 231-0621 og 231-0622. Kaupandi Ásbær ehf. kt. 570402-3310. Seljandi VSP ehf. kt. 430475-0299.

Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti ofangreindra eigna enda verði starfsemi í samræmi við deiliskipulag og lóðarleigusamninga.

9. Önnur mál.

a. Starfsdagur á Akranesi 9. febrúar 2018.

Fleira ekki gert
Fundir slitið kl. 10:30

Kaup

Sigfríður Þórunn Magnúsdóttir
Fórnaukt. Ingibjörg Valdimarsd.

Margrét Svavarsdóttir
Fórnaukt.

Björgun Helgason

Andri Snær Magnason

Posteinn Friðbjörnsson

Einar Þorvaldsson

María Guðrún Magnúsdóttir

Ólafur Þorvaldsson



Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Ósk um að færa fjölmenningsdag frá mannréttindaskrifstofu til menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur

Á fundi mannréttindaráðs dags. 26. september sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Mannréttindaskrifstofa óskar eftir að undirbúningur að Fjölmenningsardegi Reykjavíkurborgar verði færður frá mannréttindaskrifstofu til höfuðborgarstofu. Viðburðurinn verði framvegis unninn á höfuðborgarstofu í samstarfi við mannréttindaskrifstofu. Mögulegt væri að viðburðir Fjölmenningsdags Reykjavíkurborgar yrðu haldnir samhliða öðrum viðburðum Reykjavíkurborgar til að mynda Menningarnótt, 17. júní, Hönnunarmars og/eða öðrum viðburðum borgarinnar. Kostnaður vegna viðburðarins hefur verið 1.500.000 og hefur verið greiddur af mannréttindaskrifstofu.

Greinagerð fylgir tillögunni. Mannréttindaráð vísar tillögunni til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri

BORGARRÁÐ 11. janúar 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður um starfrækslu hverfislögreglustöðvar í Breiðholti - R18010181

Borgarráð samþykkir að taka upp viðræður við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og dómsmálaráðuneytið um starfrækslu hverfislögreglustöðvar í Breiðholti í því skyni að styrkja löggæslu í hverfinu. Um yrði að ræða samstarfsverkefni ríkis og borgar og m.a. skoðað hvort borgin gæti séð stöðinni fyrir húsnæði eins og gert var þegar hverfislögreglustöð var áður starfrækt í Breiðholti með góðum árangri.

AGDanz 218010202
Skjal 1252
15. Jan. 2018
mótið 1252



SKÁKSAMBAND
STOFNAÐ 1925
ÍSLANDS

Reykjavíkurborg
Hr. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Reykjavík, 23. október 2017

Reykjavíkurskák mótið 2018 – Minningarmót um Bobby Fischer

Kæri borgarstjóri.

Reykjavíkurskák mótið 2018 fer fram 6.-14 mars nk. Mótið nú verður minningarmót um Bobby Fischer sem fæddist 9. mars 1943 og myndi fagna 75 ára afmæli á næsta ári væri hann á lífi.

Í tilefni þessara tímamóta stefnir Skáksamband Íslands að einkar veglegu Reykjavíkurskák móti 2018. Fridagur á sjálfu Reykjavíkurskák mótinu verður 9. mars. Þá ætlum við að halda Fischer-Random skák mót með þátttöku allra sterkustu skákmanna mótsins og landsins.

Við ætlum að bjóða Boris Spassky til landsins og vonum að hann hafi heilsu til að heimasækja okkur. Við ætlum einnig að standa fyrir hópferðum að gröf meistarans, bjóða keppendum að heimsækja Laugardalshöllina, uppáhalds veitingastað meistarans og meira til. Við ætlum að halda fyrirlestra um Fischer og arfleið hans.

Reykjavíkurborg hefur reynst Skáksambandi Íslands ómetanlegur bakhjarl og hefur staðið á bakvið mótið nú í 53 ár eða frá árinu 1964. Fyrir það er skákhreyfingin ómetanlega þakklát. Borgin okkar er talin ein helsta skákhöfuðborg landsins og af því megum við vera stolt.

Það er ljóst vegna ofangreinds að Reykjavíkurmótið á næsta ári verður umtalsvert dýrara en hefðbundin Reykjavíkurskák mót. Það er einlæg von okkur að Reykjavíkurborg geti stutt sérstaklega við mótið enda tilefnið ærið að minnast Fischer – sem heldur betur kom borginni á alheimiskortið fyrir 45 ára síðan.

Við erum borginni afar þakklát ef hún gæti aðstoðað okkur við að gera Reykjavíkurskák mótið 2018 að einstöku móti og óskum eftir sérstökum styrk uppá 1.500.000 kr.

Virðingarfyllt

Gunnar Björnsson,
Forseti Skákasmbands Íslands

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: **Skáksamband Íslands**

Kennitala: **580269-5409**

Heimilisfang: **Faxafeni 12**

Netfang: **gunnar@skaksamband.is**

Símanúmer: **820 6533**

Póstnúmer: **108**

Staður: **Reykjavík**

Nafn ábyrgðarmanns: **Gunnar Björnsson**

Kennitala ábyrgðarmanns: **230967-3939**

Heimilisfang ábyrgðaraðila: **Vesturbergi 14**

Póstnúmer ábyrgðaraðila: **111 Reykjavík**

Netfang ábyrgðaraðila: **gunnar@skaksamband.is**

Símanúmer ábyrgðaraðila: **820 6533**

Hlutverk ábyrgðaraðila: **Forseti Skáksambands Íslands – formaður mótsstjórnar mótsins**

Upphæð sem sótt er um: **1.500.000 kr.**

Banki: **101**

Höfuðbók: **26**

Reikningsnúmer: **12763**

Heiti verkefnis: **Reykjavíkurskák mótið 2018 – minningarmót um Bobby Fischer**

Lýsing á verkefni: **Vísa á viðhengi. Mótið nú er minningarmót um Bobby Fischer – og er að stefnt að einkar veglegu móti. Til t.d. fer fram Evrópumót í svokallaðri Fischer-random skák í samvinnu við Skáksambands Evrópu.**

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Skákmenn sem njóta þess að tefla á Reykjavíkurskákmótinu og íslenskir skákáhugamenn. Mótið hefur nýst ungu kynslóðinni afar vel – en hjá mörgum er þetta fyrsta stjóra alþjóðlega mótið.

Skákhreyfingin starfar samkvæmt kjörorðinu: Gens Una Sumus – við erum ein fjölskylda. Skák er því fyrir alla, konur og karla á öllum aldri. Keppendur í fyrra voru á aldursbilinu 6-83 ára.

Það breytir þó því ekki að töluvert fleiri karlar en konur tefla skák. Sí leggur áherslu á að fá sterkar skákkonur landsins og hafa sam hæst hlutfall kvenna og hefur verið ágengt í því að hækka hlutfall kvenna jafnt og þétt á Reykjavíkurskákmótinu á síðastliðnum árum

Hverjir munu vinna að verkefninu? Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Mótstjórn mótsins sem samanstendur að miklu leyti af stjórnarmönnum sambandsins. Ávallt er lögð áherslur að konur séu í stjórn sambandsins og í mótstjórn. Karlar eru þó í meirihluta. Framkvæmdastjóri Sí er kona.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Nei – en eitt að megin markmið sambandsins á undanförunum árum hefur verið að auka hlutfall kvenna – og hefur okkur verið ágengt.

Stefnt er að því að taka upp formlega jafnréttisstefnu á komandi misserum.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Mótið fer fram 6.-14. mars. Undirbúningur er í fullum gangi og hefur verið síðan síðasta móti lauk

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Tekjur mótsins samanstanda af styrkjum frá opinberum aðilum og einkaaðilum og svo þátttökugjöldum keppenda.

Áætlaður tekjur mótsins eru áætlaðar á milli 15.000.000-16.000.000 kr.

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Helstu útgjaldaliðir eru verðlaun á mótinu, kostnaður við sterka erlenda keppendur, húsaleiga í Hörpu og launakostnaður til starfsmanna.

Reynt er að tryggja það að mótið standi undir fjárhagslega þótt það takist sjaldnar en ekki. Í þeim áætlun er ekki tekið tilliti til vinnu á skrifstofu SÍ en segja má að unnið sé mótinu í marga mánuði áður en það hefst.

Unnið er út frá því að kostnaður mótsins verði á pari við tekjur eða um 15.000.000-16.000.000 kr.

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Ásamt Reykjavíkurborg er GAMMA annar helsti styrktaraðili mótsins. Aðrir styrkir sem sambandið fær eru óverulegir í samanburði við ofangreinda styrki.

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?



Já

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Skáksambandið hefur oft fengið styrki frá Reykjavíkurborg. Að langmestu leyti hafa þeir styrkir verið tengdir Reykjavíkurskákmótinu.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Nei!



Afbrotatölfræði

desember 2017



Aðferð


Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í desember eru miðað þessi mörk.


	Nóvember 2017	Desember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	771	670	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	391	265	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	103	74	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	119	121	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	5	5	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	21	12	Mikil fækkun	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	93	121	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	20	21	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	122	114	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	835	763	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	140	125	Fækkar	Innan marka
Ölvun við akstur	89	94	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	46	39	Innan marka	Innan marka

Hegningarlagabrot

- Skráð voru 670 hegningarlagabrot í desembermánuði. Eru það færri tilkynningar en bárust í nóvember.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkaði í desember miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Árið 2017 bárust um fjögur prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot miðað við meðaltal síðustu þriggja ár á undan.




Hegningarlagabrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	670	803	717	890	-89	-12%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	670	759	671	890	-133	-17%	Fækkar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




- Skráðar voru 265 tilkynningar um þjófnað í desember. Tilkynntum þjófnuðum fækkaði töluvert miðað við nóvember.
- Tilkynningum um þjófnaði fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um fækkaði um allar tegundir þjófnaða í desember miðað við nóvember.
- Árið 2017 voru skráðar álíka margar tilkynningar um þjófnaði líkt og meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des
■ Þjófnaður - innbrot	68	93	49	69	88	65	60	52	75	82	89	103	74
■ Þjófnaður - hnúpl	79	98	86	98	77	88	58	66	69	86	73	67	63
■ Þjófnaður - gsm	47	39	36	45	27	41	49	38	50	32	32	29	23
■ Þjófnaður - reiðhjól	13	7	12	16	31	51	48	47	71	57	54	16	6
■ Þjófnaður - annað	78	103	86	110	96	84	101	116	148	179	144	176	99
Þjófnaður alls	285	340	269	338	319	329	316	319	413	436	392	391	265


Þjófnaður	Desember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	265	378	333	423	-113	-30%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	265	346	296	395	-81	-23%	Fækkar




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í desember bárust 74 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fækkaði miðað við nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot er innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um innbrot á alla skráða vettvanga.
- Árið 2017 bárust um fimm prósent færri tilkynningar um innbrot en bárust að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.




Innbrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	74	77	17	60	94	-3	Innan marka
12 mánaða meðaltal	74	74	16	58	91	0	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í desember barst 121 tilkynning um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2017 bárust 16 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot en bárust að meðaltali síðust þrjú ár á undan.



Líkamsárás, minniháttar	84	92	65	93	84	99	69	89	77	88	89	100	90
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	12	15	11	13	10	11	14	8	15	18	11	15	26
Önnur ofbeldisbrot	8	4	6	7	3	6	6	4	4	3	5	4	5
Ofbeldisbrot alls	104	111	82	113	97	116	89	101	96	109	105	119	121

Ofbeldisbrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	121	103	94	113	18	17%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	121	104	93	114	18	17%	Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í desember voru skráð fimm tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Árið 2017 voru skráð álíka mörg tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og voru að meðaltali skráð síðustu þrjú ár á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í desember voru skráð tvö tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Árið 2017 voru skráð um 18 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi en voru að meðaltali skráð síðustu þrjú ár á undan.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu




Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 12 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í desember.
- Tilkynntum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2017 bárust níu prósent fleiri tilkynningar um kynferðisbrot en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Kynferðisbrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	12	23	20	25	-11	-47%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	12	20	16	24	-8	-40%	Fækkar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Kynferðisbrot—dags. tilkynnt



- Tilkynnt var um 16 kynferðisbrot í desember.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot fækkaði í desember samborið við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2017 bárust um 16 prósent fleiri tilkynningar um kynferðisbrot en bárust að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.


Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	16	30	26	34	-14	-47%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	16	28	21	35	-12	-43%	Fækkar

- Alls bárust 54 tilkynningar um heimilisofbeldi í desember.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í desember voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Árið 2017 bárust um 32 prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.



Heimilisofbeldi	Desember 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	
6 mánaða meðaltal	54	60	53	67	-6 -10% Innan marka
12 mánaða meðaltal	54	59	49	70	-5 -9% Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 18 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í desember.
- Beiðnum um leitir í desember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2017 bárust um 32 prósent fleiri leitarbeinir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.





Leitarbeiðnir	Nóvember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	20	18	12	24	2	10%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	20	21	15	27	-1	-6%	Innan marka



Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í desember voru skráðar 124 tilkynningar um eignaspjöll. Skráðum brotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráð brot í desember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum rúðubrot, meiriháttar eignaspjöll og annars konar minniháttar eignaspjöll.
- Árið 2017 voru skráð tíu prósent fleiri eignaspjöll en voru að meðaltali skráð síðustu þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	124	116	102	129	9	7%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	124	116	100	132	8	7%	Innan marka




Nytjastuldur ökutækja

- Skráð var 21 tilkynning um nytjastuld á vélknúnu farartæki í desember.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi í desember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Árið 2017 bárust álíka margar tilkynning um nytjastuldi líkt og bárust að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.





Nytjastuldir	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	21	32	21	43	-11	-35%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	21	28	19	38	-7	-26%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í desember voru skráð 118 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráð fíkniefnabrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru fjögur stórfelld fíkniefnabrot í desember.*
- Árið 2017 voru skráð um sjö prósent fleiri fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár áður.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Desember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	114	135	113	157	-21	-16%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	114	130	106	154	-16	-13%	Innan marka




Umferðarlagabrot


- Skráð voru 736 umferðarlagabrot* í desember. Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði í desember miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Árið 2017 voru skráð um 26 prósent fleiri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Umferðarlagabrot	Desember 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	763	967	804	1.129	-204	-21%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	763	928	743	1.113	-165	-18%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 125 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í desember.
- Skráðum brotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Árið 2017 voru skráð um 66 prósent fleiri brot en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.


Ölvun við akstur

- Í desember voru skráð 94 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráð brot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Árið 2017 voru skráð um 37 prósent fleiri brot en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þróun á löggæslusvæði 1




- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Nóvember 2017	Desember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	365	309	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	184	130	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	37	24	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	68	67	Fjölgar	Mikil fjölgun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	4	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	10	8	Mikil fækkun	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	46	44	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	10	10	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	53	49	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	328	300	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	49	44	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	37	43	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	14	10	Fækkar	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 2




- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Nóvember 2017	Desember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	109	78	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	57	35	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	10	8	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	18	17	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	0	0	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	11	10	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	2	Mikil fækkun	Fækkar
Fíkniefni	18	14	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	124	80	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	17	9	Fækkar	Fækkar
Ölvun við akstur	16	13	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	5	3	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 3




- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Nóvember 2017	Desember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	170	170	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	84	58	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	35	25	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	21	17	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	6	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	22	40	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	4	8	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	35	29	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	192	184	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	44	42	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	24	18	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	17	17	Fjölgar	Fjölgar
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í desember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Nóvember 2017	Desember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	100	104	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	54	39	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	21	16	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	12	20	Fjölgar	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Fækkar	Innan marka
Kynferðisbrot	3	1	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	14	27	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	1	Fækkar	Fækkar
Fíkniefni	16	17	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot *	185	196	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	30	29	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	11	20	Mikil fjölgun	Fjölgar
Innbrot á heimili	7	9	Fjölgar	Fjölgar
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

From: Regína Sigurðardóttir [mailto:regina.sigurdardottir@for.is]

Sent: 15. janúar 2018 11:04

To: Kristófer A. Tómasson; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps; hruni@fludir.is; Jón Valgeirsson; 'Valtýr Valtýsson' (valtyr@blaskogabyggd.is); Sveitarstjóri Flóahrepps; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG; sveitarstjori@gogg.is; Guðni Pétursson; Gunnsteinn R. Ómarsson; Sigurður Jónsson; Haraldur Birgir Haraldsson; ry@ry.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; bygg@hvolsvollur.is; asahreppur@asahreppur.is; klaustur@klaustur.is; Vigfús Þór Hróbjartsson; Sveitarstjóri; myrdalshreppur@vik.is; sveitarstjori@vik.is; Björn Ingi Jónsson; Ólöf Ingunn Björnsdóttir; gunnlaugur@hornafjordur.is; afgreidsla@hornafjordur.is; Oddviti; egilsstadir@egilsstadir.is; fljotsdalsherad@fljotdalsherad.is; Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson; bjorni@egilsstadir.is; gudlaugur@egilsstadir.is; magnus@vopnafjardarhreppur.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; Kristján Þór Magnússon; Gaukur Hjartarson; nordurthing@nordurthing.is; Drífa Valdimarsdóttir; Svalbarðshreppur; elias@langanesbyggd.is; Langanesbyggð; thorsteinn@skutustadahreppur.is; skutustadahreppur@skutustadahreppur.is; Dagbjört Jónsdóttir; Bjarni Reykjálín; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; gunnarb@fjallabyggd.is; dagny@fjallabyggd.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; armann@fjallabyggd.is; iris@fjallabyggd.is; borkur@dalvikurbyggd.is; bjarnith@dalvikurbyggd.is; gp@dalvikurbyggd.is; horgarsveit@horgarsveit.is; esveit@esveit.is; olafur@vopnafjardarhreppur.is; olafur@esveit.is; skagafjordur@skagafjordur.is; Ásta Pálmadóttir; skrifstofa@hunathing.is; Guðný Hrund Karlsdóttir; byggingarfulltrúi; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; Ráðbarður sf.; einar@hunavatnshreppur.is; hafnir@simnet.is; skagastrond@skagastrond.is; dalla@kirkjan.is; hlh@hafnarfjordur.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; kopavogur@kopavogur.is; Pálmi Þór Másson; Steingrímur Hauksson; birgir@kopavogur.is; valdimarg@kopavogur.is; gudrunh@borgarbyggd.is; eirikur@borgarbyggd.is; gunnlaugur@borgarbyggd.is; sigurdurf@borgarbyggd.is; brynja@borgarbyggd.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; Hjálmar Sveinsson; Robert Pajdak; USK Þjónustu netfang; USK Skipulag; Upplýsingar - Pósthólf Símaver; Ólöf Örvarsdóttir; Birgir B Sigurjónsson; USK_Byggingarfulltrúi; Nikulás Úlfar Másson

Subject: Upplýsingar um tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna fyrir árið 2017

Góðan dag.

Skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal ráðherra árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun landa og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.

Vinna við skýrsluna er að hefjast hér í ráðuneytinu. Óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um þær tekjur sem þau hafa haft á árinu 2017, fyrir nýtingu á landi og landsréttindum innan þjóðlendna. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um ráðstöfun tekna af nýtingu lands og landsréttinda inna þjóðlenda, þ.e. í hvaða verkefni voru tekjurnar notaðar í.

Bið ég ykkur vinsamlegast að fylla inn í meðf. tölfu og skila inn til mín í síðasta lagi 16. febrúar næstkomandi.

Með fyrirfram þökk og kveðju, Regína

Sveitarfélag	Tekjur af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna í kr.	Ráðstöfun tekna af nýtingu lands og landsréttinda inn þjóðlendna – í hvaða verkefni fóru tekjurnar?
1. Skeiða- og Gnúpverjahreppur		
2. Hrunamannahreppur		
3. Bláskógabyggð		
4. Flóahreppur		
5. Grímsnes- og Grafningshreppur		
6. Sveitarfélagið Ölfus		
7. Rangárþing ytra		
8. Rangárþing eystra		
9. Ásahreppur		
10. Skaftárhreppur		
11. Mýrdalshreppur		
12. Sveitarfélagið Hornafjörður		
13. Fljótshreppur		
14. Fljótshérað		
15. Vopnafjarðarhreppur		
16. Norðurþing		
17. Svalbarðshreppur		
18. Langanesbyggð		
19. Skútustaðahreppur		
20. Þingeyjarsveit		
21. Fjallabyggð		
22. Dalvíkurbyggð		
23. Hörgársveit		
24. Eyjafjarðarsveit		
25. Sveitarfélagið Skagafjörður		
26. Húnaþing vestra		
27. Húnavatnshreppur		
28. Skagabyggð		
29. Skagatrönd		
30. Akrahreppur		
31. Hafnarfjarðarkaupstaður		
32. Reykjavík		
33. Kópavogur		
34. Bogarbyggð		